

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/16/04

frá 29. mars 2012

um breytingu á ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri steypu, léttsteypu eða hita- og þrýstihetri frauðsteypu (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 1977)

(2012/202/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ⁽¹⁾, einkum a-lið 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þann 25. janúar 1999 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri steypu, léttsteypu eða hita- og þrýstihetri frauðsteypu ⁽²⁾.
- 2) Breyta skal III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB til að aðlagja kerfin til staðfestingar á samræmi fyrir bita- og plötugólfeiningar og einingar sem innihalda lífræn efni að tækniframförum til að taka tillit til notkunar sem er háð

reglum um viðbrögð við bruna, á sama tíma og tryggja verður þátttöku þriðja aðila á mismunandi stigi, háð þeim ferlum og þeim efnum, sem notast er við í framleiðslunni.

- 3) Því ber að breyta ákvörðun 1999/94/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 29, 3.2.1999, bls. 55.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB:

„VÖRUHÓPUR

BITA- OG PLÖTUGÓLFEININGAR OG EININGAR SEM INNIHALDA LÍFRÆN EFNI**Kerfi til staðfestingar á samræmi**

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Bita- og plötugólfeiningar og einingar sem innihalda lífræn efni	Til notkunar sem er háð reglum um viðbrögð við bruna	(A1, A2, B, C) (*)	1
		(A1, A2, B, C) (**), D, E	3
		(A1 til E) (***), F	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar III. viðauka í tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Vörur eða efni sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).

(**) Vörur eða efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein vísar til

(***) Vörur eða efni sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur eða efni sem teljast til flokks A1 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB (Stjtið. EB L 267, 19.10.1996, bls. 23)).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr gærði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjalinu). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.“